

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1125*  
*komudagur 23. 3. 2005*



Alþingi  
Sigrún Brynja Einarsdóttir,  
nefndarritari  
150 Reykjavík

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 22. mars 2005  
Tilvísun : 2005030022

Vísað er til bréfs dags. 14. mars sl. þar sem Barnaverndarstofu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál.

Eins og kunnugt er starfar Barnaverndarstofa á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 en skv. 3. gr. laganna taka þau til einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndarstofa hefur því ekki sérstaklega yfirsýn yfir vanda ungs fólks á aldrinum 18-24 ára.

Barnaverndarstofa hefur látið sig varða mál þeirra barna á aldrinum 15-18 ára sem fá óskilorðsbundna fangelsisdóma og eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögum þá er í gildi samningur milli Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar um þann möguleika að þessi börn afpláni sinn dóm á meðferðarheimili á vegum stofnunar. Afar sjaldan hefur reynt á þennan samning enda má gera ráð fyrir að börn séu sjaldan dæmd í óskilorðsbundið fangelsi. Barnaverndarstofa tekur undir það að vert sé að skoða sérstaklega málefni ungra fanga og leita leiða til að tryggja að komið verði til móts við hagsmuni þeirra og hugsanlega sérstöðu meðal fanga almennt. Barnaverndarstofa verður þó að telja að í greinargerð með þingsályktunartillögum sé varla að finna nægilegar röksemdir til að styðja þá leið að Alþingi álykti um deildaskiptingu í fangelsum. Engar upplýsingar eru t.d. um fjölda þessara einstaklinga, kynskiptingu, möguleika á kynskiptum sérdeildum í kynskiptum fangelsum og um brotaferil þeirra. Í ljósi annarra viðurlaga sem beitt er í málum ungs fólks verður Barnaverndarstofa að telja frekar ólíklegt að mikill fjöldi einstaklinga á aldrinum 18 til 24 ára fái óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir eitt smávægilegt brot, eins og tæpt er á í greinargerð.

Ef gera á breytingar í fangelsismálum að þessu leyti telur Barnaverndarstofa réttast að skoða betur þarfir þessa hóps, t.d. varðandi viðurlagategundir, möguleika á afplánun utan fangelsins, opin fangelsis o.þ.h., og meta í kjölfarið hvort rétt sé að gera þá breytingar á lögum á fangelsi og fangavist.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1256  
komudagur 12.4.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2005

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára.**


Með bréfi, dagsettu 14. mars sl., var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreind tillaga til þingsályktunar.

Dómstólaráð fjallaði um tillöguna á fundi sínum sl. föstudag.

Dómstólaráð fer með hluta af stjórnslu héraðsdómstólanna. Það er mat ráðsins að það eigi að jafnaði ekki að hafa áhrif á lagasetningu, þegar frá er talin réttarfarslöggjöf og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla með einhverjum hætti.

Með vísan til framangreinds telur ráðið ekki ástæðu til þess að álykta um þingsályktunartillöguna.

F.h. Dómstólaráðs

  
Elín Sigrún Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKSINS

Alþingi

13/1258

Dagsetning

Erindi nr. Þ

13/1258

komudagur 12.4.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 REYKJAVÍK

11. apríl 2005

/HG

Vísað er til bréfs Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. mars 2005, þar sem stofnuninni var gefinn kostur á að koma að umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál.

Hjálagt fylgir umsögn Fangelsismálastofnunar um ofangreint frumvarp.

  
Valtýr Sigurðsson

## Nefndasvið Alþingis

### *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir unga fanga á aldrinum 18-24 ára.*

Fangelsismálastofnun vill taka undir þann forvarnartón sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu.

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þar sem m.a. er lögð áhersla á einstaklingsbundnar meðferðaráætlanir fyrir þá sem afplána refsingar í fangelsum hérlendis. Miðað er við að í upphafi afplánunar verði þeir sem eru í miklum vímuefnavanda við komu í fangelsi vistaðir á afeitrunardeild og síðan í framhaldinu vistaðir til áframhaldandi afplánunar m.a. eftir aldri, sakaferli, grófleika brots, kyni og búsetu. Vinna, meðferð og nám fanga verða höfð að leiðarljósi í afplánuninni.

Fangelsismálastofnun hefur skilað skýrslu til dómsmálaráðherra þar sem þetta er haft að leiðarljósi og um uppbyggingu fangelsa hér á landi. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að byggt verði nýtt 54 fanga fangelsi í Reykjavík og Hegningarhúsið ásamt Fangelsinu Kópavogsbraut 17 verði lögð niður sem fangelsi en aðstaða í Fangelsinu Kvíabryggju, Akureyri og Litla-Hrauni verði bætt verulega. Föngum á Kvíabryggju verður fjölgað úr 14 í 20.

Fangafjöldi á Íslandi er í dag hlutfallslega sá lægsti miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við eða rúmlega 40 fangar á hverja 100.000 íbúa. Hin Norðurlöndin eru með fangafjölda á bilinu 60-70 fanga á hverja 100.000 íbúa. Heildarfjöldi fanga í fangelsum hérlendis er um 120 og af þeim eru að meðaltali um 25-30% 24 ára og yngri. Um 95% þeirra eru karlar og 5-8% eru erlendir ríkisborgarar. Sakaferillinn er allt frá umferðalagabrotum til grófra ofbeldisbrota. Sumir hafa ekki afplánað áður, aðrir hafa margar afplánanir að baki. Stór hluti þessara ungmenna hefur verið í nokkurri eða mikilli vímuefnaneyslu um lengri tíma, aðrir eiga lítt eða ekki við slíkan vanda að stríða. Tæplega 60% þeirra sem eru í afplánun hérlendis hafa farið í vímuefnaeðferð, sumir oft. Þá hefur hluti þessara ungu fanga verið á meðferðarstofnunum á vegum barnaverndaryfirvalda. Félagslegar aðstæður svo sem menntun, atvinnumöguleikar og fjölskylduhagir eru að meðaltali mun erfiðari heldur en almennt gerist. Áætlað er að allt að 20% þeirra eigi auk þess við geðræn vandamál að stríða.

Eins og sjá má af þessari upptalningu á þessi stóri hópur að hluta til við sama vanda að stríða en fjölbreytileikinn er einnig mikill og erfitt að hafa svo mikinn fjölda á einni deild eða í sama fangelsi. Vegna smæðar samfélagsins þekkjast mörg ungmennanna innbyrðis og hafa staðið saman í afbrotum og vímuefnaneyslu um lengri eða skemmri tíma. Þess vegna standa rök oft til þess aðskilja þau hvert frá öðru bæði á milli deilda í fangelsum eða á milli fangelsa. Þannig getur t.d. verið heppilegt að vista ungan og óreyndan fanga með eldri föngum sem hafa ekki áður afplánað refsingu eða ungan og “erfiðan” fanga með eldri föngum sem eiga við fá vandamál að glíma. Meðferð ungra fanga verður að vera veigamikill þáttur í starfsemi fangelsanna og ekki er síður mikilvægt að undirbúa losun þeirra úr fangelsi. Reynslan sýnir okkur hins vegar að erfitt er að ná til ungra fanga, ekki síst ef þeir eru vistaðir margir saman.

Ef fyrirliggjandi tillögur Fangelsismálastofnunar ná fram að ganga verður unnt að sinna þessum hópi fanga sem og öðrum mun betur heldur en hægt hefur verið hingað til.



Reykjavíkurborg

Félagsþjónustan

Alþingi

Allsherjarnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1866  
komudagur 17.5.2005

Reykjavík, 12. maí 2005

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 131. löggjafarþing 2004-2005 þskj. 73 - 73. mál.**

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 14. mars sl., þar sem fram kemur beiðni til Félagsþjónustunnar í Reykjavík um að veita umsögn varðandi ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Beiðist er velvirðingar á þeirri seinkun sem er á svari til nefndarinnar en ástæðuna má rekja til mikilla anna.

Félagsþjónustan í Reykjavík telur mikilvægt að huga betur en gert hefur verið að uppbyggingu og þróun fangelsismála á Íslandi. Þingsályktunartillaga sem þessi er því ánægjuleg því mikilvægt er að umræða fari fram um þær aðstæður sem fongum eru búnar hér á landi bæði hvað varðar húsnæðisáðstöðu og ekki síður þá þjónustu og úrræði sem fongum standa til boða.

Eins og flutningsmenn tillögunnar benda á, þá eru ákveðnir kostir samfara því að byggja sérdeild fyrir unga afbrotamenn. Það eru hinsvegar nokkur atriði sem vert er að benda á í þessu samhengi;

- ✓ Aðstæður ungra afbrotamanna geta verið afar mismunandi, sumir eru að fremja sitt fyrsta afbrot en aðrir eiga lengri sögu að baki. Því má spyrja hvort ekki geti verið óheppilegt að ungir afbrotamenn með mismunandi afbrotaferil að baki afpláni saman?
- ✓ Bent hefur verið á að bakgrunnur ungra afbrotamanna, sérlega þeirra sem brjóta oftast en einu af sér, sé ekki ólíkur. Spyrja má þá hvort ekki geti reynst erfiðara að brjóta upp óæskilegt hegðunarmynstur hjá hópi fanga á svipuðum aldri og hugsanlega með svipaðan bakgrunn en ef um ólíkari hóp væri að ræða?
- ✓ Erfitt er að skilgreina nákvæmlega aldursbil í þessu samhengi. Hvað með 25 eða 26 ára einstakling sem stendur frammi fyrir afplánun í fyrsta sinn. Stendur honum ekki til boða sérdeild sem þessi?


Að mati Félagsþjónustunnar í Reykjavík er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á á tiltölulega litlar einingar innan fangelsanna og þar sé reynt að velja saman fanga sem ætla má að hægt sé að vinna með, veita stuðning og aðstoð bæði á einstaklingsgrunni og saman í hóp.


Í stað sérdeildar fyrir unga fanga á aldrinum 18-24 ára telur Félagsþjónustan að heppilegra sé að meta hvert tilvik fyrir sig þegar verið er að ákveða hvar fangi skuli afplána. Meðal þess sem líta þarf til er aldur, afbrotaferill, hugsanlega eðli afbrota, bakgrunnur og félagslegar

aðstæður til að stuðla að því að fangelsisvistin verði eins uppbyggileg og mögulegt er þannig að þeir fangar sem vilja betrumbæta sitt líf fái til þess tækifæri og geti komið út í samfélagið á nýjan leik að lokinni aðlögun og orðið virkir þjóðfélagsþegnar.

Félagsþjónustan í Reykjavík er fylgjandi því að aðstæður ungra fanga verði bætтар hér á landi og telur framangreinda tillögu til þingsályktunar vera mikilvægan lið í því efni.

F.h. Félagþjónustunnar í Reykjavík,

  
Elly A. Þorsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs

  
Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.

Afrit sent: Sviðsstjóri stjórnýslu- og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1161*  
*komudagur 5.4.2005*

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 31. mars 2005.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára. 131. löggjafarþing 2004–2005. Þskj. 73 - 73. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 14. mars 2005, þar sem óskað er um-sagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Telur nefndin að þar sem málið sé póli-tísku eðlis, falli það ekki að hlutverki nefndarinnar að láta í té umsögn um það.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður





LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK


Alþingi  
Erindi nr. þ 131/1257  
komudagur 12.4.2005

ES/bgb

Reykjavík, 11. apríl 2005

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 14. f.m., barst þessu embætti til umsagnar tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18-24 ára, 73. mál.

Embættið er efnislega sammála tillögunni með vísan til greinargerðar sem henni fylgir.

  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hverfisgata 115  
150 Reykjavík

Sími: 444-1000  
Fax: 444-1015  
Veffang: [www.lr.is](http://www.lr.is)  
Netfang: [lr@lr.is](mailto:lr@lr.is)



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1272  
komudagur 13.4.2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar 73. mál, nánar tiltekið þingskjal 73, um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18-24 ára, sem lögð hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 – 2005.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að ungir fangar eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem ekki er æskilegt að afpláni dóma í samneyti við eldri afbrotamenn sem geti haft á þá slæm áhrif og að líta ber svo á að við afplánun ungra fanga sé sérstaklega unnið að því að koma í veg fyrir frekari afbrot. Mannréttindaskrifstofan tekur í sama streng, en í umsögn skrifstofunnar um fullnustufrumvarpið, 336. mál, sem lagt var fram nýlega, voru gerðar athugasemdir við ákvæði er vörðuðu vistun ungmenna með fullorðnum fögum. Um 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins segir m.a.:

Í þessari grein þyrfti að taka skýrar af skarið með að ungir brotamenn ættu ekki að afplána refsingu með fullorðnum fögum, sbr. 10. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (þrátt fyrir fyrirvara Íslands við þetta ákvæði þegar samningurinn var staðfestur), en þar kemur fram að ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir aldri þeirra og réttarstöðu. Væri æskilegt að afmarka nánar í frumvarpinu meðferð ungra fanga. Markmið afplánunar ætti fyrst og fremst að vera betrun og félagsleg endurhæfing fanga – sbr. 3. mgr. 10. gr. fyrrnefnds samnings - enda verður ætíð að hafa í huga að flestir ef ekki allir snúa þeir til þjóðfélagsins á ný að afplánun lokinni. Því ber að hafa í huga þau áhrif sem eldri fangar kunna að hafa á unga fanga sem ekki hafa áður komist í kast við lög. Sérstaklega þyrfti að hvetja unga fanga til náms eða starfsþjálfunar meðan á afplánun stendur og aðstoða þá til þess, t.d. m.t.t. móðurmáls, námsörðugleika eða fítlunar, og stuðla þannig að því að fangelsisvistin geti orðið þeim uppbyggileg að því marki sem unnt er.

Mannréttindaskrifstofan fellst á röksemdir þær sem settar eru fram í greinargerð og telur að sérdeild fyrir afbrotamenn á aldrinum 18–24 ára yrði gæti orðið jafnt ungum afbrotamönnum, sem samfélaginu í heild, til hagsbóta. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar því efni þingsályktunartillögunnar og lætur í ljós þá von að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík 11. apríl 2005.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1244  
komudagur 11.4.2005

BSt/jhb  
B. 291/05

Reykjavík, 8. apríl 2005.

Embætti ríkissaksóknara hefur með bréfi Alþingis, dagsettu 14. f.m., borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd; Tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál 131. löggjafarþings.

Embætti ríkissaksóknara telur sig ekki hafa nauðsynlegar forsendur til þess að láta uppi álit á efni þessarar tillögu, þ.á m. um sérstöðu þess aldurs skeiðs sem að ofan greinir við afplánun fangelsisdóma eða hve stórt hlutfall það aldurs skeið er í heildartölu afplánunarfanga í fyrstu afplánun. Viðhlítandi forsendur eru heldur ekki tilgreindar í greinargerð tillögunnar fyrir sérstöðu fanga á þessum tiltekna aldri eða hvert sé mat fagaðila í þessum efnum. Að svo stöddu er það því afstaða þessa embættis að mæla hvorki með samþykkt tillögunnar né gegn henni ef fram kynnu að koma nægilegar forsendur fyrir samþykkt hennar.




e.u.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

131.löggjafarþing 2004-2005,  
Þskj. 73-73.mál.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1191  
komudagur. 7.4. 2005



**Umsögn varðandi tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára.** Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímansdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Katrín Júlíusdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Jón Gunnarsson.

**Athugasemd:** Vissulega er sérstaða ungra fanga 18-24 ára mikil þar sem persónuleiki þeirra er ennþá í mótun. Það er því mikilvægt að umhverfið í fangelsinu miðist við þarfir þeirra, ef markmiðið er að um betrun sé að ræða samhliða refsingunni. Ungir afbrotamenn eru misjafnlega staddir hvað varðar sálrænan og félagslegan þroska og eiga mislangan og alvarlegan brotaferil að baki. Það ber að hafa í huga að ungir afbrotamenn með stuttan afbrotaferil eiga e.t.v. litla samleið með ungum afbrotamönnum með langan afbrotaferil sem grundvallast af sama sjónarmiði og að ekki eigi að setja unga fanga saman með þeim eldri.


Undirrituð gerir athugasemd við að í þingsályktunartillögunni vantar nákæman rökstuðning og skýringar á því hvers vegna eldri fangar hafa slæm áhrif á þá yngri.

Rannsóknir sýna að í mörgum tilvikum eiga síbrotamenn sögu um langvarandi félagslega erfiðleika vegna neyslu vímuefna. Það er því mikilvægt að í innviðum nýja fangelsisins sé gert ráð fyrir greiningu á vanda hvers og eins fanga hvað varðar geðheilbrigði, vímuefnavanda og félagslega stöðu. Einnig þarf nýtt fangelsi að hafa úrræði til endurhæfingar sem miðar að því að meðhöndla vímuefnasýki og geðrænan vanda. Rannsóknir sýna ennfremur að auk meðferðar er mikilvægt að endurhæfing sem snýr að atvinnumarkaði og námi sé þáttur í betrunarvist fanga.

Að lokum vill undirrituð nefna það að mikil þörf er fyrir félagslegri ráðgjöf í fangelsum landsins. Fangar þurfa aðstoð við að hofa fram á við varðandi fjölskyldutengsl og önnur félagsleg tengsl, húsnæðis og atvinnumál að fangelsisdvöl lokinni.

Reykjavík 5. apríl 2005

Fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

  
Erla B. Sigurðardóttir  
félagsráðgjafi

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1243*  
*komudagur 11.4.2005*


**Fangar á aldrinum 18-24 ára á sérdeild**

Ef að slík deild verður að veruleika þá er mikilvægt að unnið verði mjög náið með þeim sem á henni verða. Ungir fangar eru þeir sem seinna verða síbrotamenn þess vegna er mikilvægt að byggja ekki upp reiði í afplánuninni. Fangaverðir sem koma að svona deild verða að vera sérvaldir í þetta verkefni. Ef hægt væri að nálgast þennan hóp með lausn á gátunni sem þeir eru að glíma við þá væri eflaust hægt að bjarga flestum þeirra úr hættunni að verða síbrotamenn. Menntun yrði að vera aðal hluti af afplánun hjá föngum á þessum aldri. Það verður að hjálpa föngum að finna eitthvað sem þeir hafa áhuga á og beina þeim svo leiðina að menntun í því fagi. Skylda ætti alla til menntunar, hafa mikil fríðindi og ef menn standa sig ekki ítrekað þá ætti að senda þá á Hraunið.

Menntun er raunverulega eina vopnið sem við höfum í baráttunni gegn glæpum. Þess vegna er mikilvægast að beina þessu unga fólki inná menntavegin. Flestir ungir fangar koma úr erfiðu lífsmynstri. Þeir eru í flestum tilfellum búnir að missa trú á sér og getu sinni gagnvart skólum vegna hegðunarvandamáls. En þegar fangi fattar að hann getur orðið eitthvað miklu meira og betra en hann er þá kviknar ljósið. Ef samfélagið krefst þess að persóna sé frelsissvipt og tekur ábyrgð á því. Þá ætti samfélagið einnig að krefjast þess að sá sem framkvæmir frelsissviptinguna skili persónunni aftur í samfélagið í betra standi en áður. Það að hafa unga fanga á sér deild hefur líka ókosti en til þess að losna undan þeim þarf að vera úrræði eins og að menn yrði sendir austur á Litla-Hraun ef þeir standi sig ekki. Með því móti væri hægt að nýta þennan möguleika til þess að hjálpa þeim sem hægt er að hjálpa.

F.h. trúnaðarráðs

Baldur Freyr Einarsson



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1151  
komudagur 1.4.2005

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2005  
Tilvísun: UB 0503/4.1.1

### ***Efni: Tillaga til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára***

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 14. mars 2005, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Árið 1998 sendi þáverandi umboðsmaður barna frá sér ítarlega álitserð um málefni ungra fanga. Í álitserðinni var lögð rík áhersla á mikilvægi þess að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að ungir afbrotamenn færu í fangelsi. Þess í stað yrðu þeim boðin úrræði sem haft gætu í för með sér raunverulega betrun þeirra og samfélagslega endurhæfingu í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Í álitserðinni segir m.a. orðrétt:

*„Á meðan ekki hefur verið komið á fót meðferðarstofnun fyrir ungmenni, sem dæmd hafa verið til óskilorðsbundinnar refsivistar, er mér ljóst að ekki verður hjá því komist að vista þau í venjulegum afplánunarfangelsum. Í þeim tilvikum þarf hins vegar að reyna að búa svo að ungum föngum að dregið verði úr neikvæðum ákvæðum fangavistarinnar eftir því sem kostur er.*

*Í því sambandi vek ég sérstaka athygli á ákvæði því sem er að finna í c-lið 37. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en það hljóðar svo:*

*„Aðildarríki skulu gæta þess að: Farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálfsræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er sjálfvæði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskriftum og heimsóknnum, nema sérstaklega standi á.“*



... Í lokamálslið 3. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála- og réttindi ...  
segir svo:

„Ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir  
aldri þeirra og réttarstöðu.“

Síðla árs 1998 var gert samkomulag milli Fangelsismálastofnunar ríkisins og Barnaverndarstofu um vistun fanga yngri en 18 ára á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu í stað fangelsis. Slík vistun er þó háð samþykki viðkomandi og hefur reynslan sýnt að sumir brotamenn á aldrinum 15 - 18 ára kjósa heldur að sitja í fangelsi en að taka út dóm sinn á meðferðarheimili. Þessir einstaklingar sitja í dag í almennum fangelsum. Sérdeild fyrir unga fanga myndi koma til móts við þarfir þessa hóps sem og þeirra ungu fanga sem fjallað er sérstaklega um í umræddri þingsályktunartillögu, þ.e. á aldrinum 18 - 24 ára.

Rétt er að benda á að á fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hinn 28. janúar 2003 var fjallað um aðra skýrslu Íslands um framkvæmd Barnasáttmálans, sem skilað hafði verið til nefndarinnar 27. apríl 2000. Í lokaathugasemdum nefndarinnar um skýrsluna segir m.a. í kafla C um helstu áhyggjuefni og tilmæli að nefndin mælist til þess við aðildarríkið að það tryggi með lögum að börn í haldi séu aðskilin frá fullorðnum eins og kveðið er á um í c-lið 37. gr. Barnasáttmálans.

Með vísan til framangreinds sem og meðfylgjandi álitserðar um unga fanga, dagsettrar 9. júlí 1998 í heild sinni tek ég undir efni þingsályktunartillögunnar og vonast til að hún hljóti samþykki á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Rafnar

Meðfylgjandi:

Álitserð umboðsmanns barna um unga fanga, dagsett 9. júlí 1998.



*Álitsgerð  
umboðsmanns barna  
um málefni ungra fanga*

Að undanförmu hef ég kynnt mér sérstaklega málefni ungra fanga, þar á meðal hvernig ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir nefndur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, skammstafaður BSSP) sé framfylgt hér á landi á því sviði. Ég hef heimsótt þau fangelsi þar sem börn eða ungmenni\* eru vistuð um þessar mundir, þ.e. Litla-Hraun og Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Forstöðumenn þessara stofnana tóku á móti mér og svöruðu spurningum mínum auk þess sem ég ræddi við unga fanga. Á þessari athugun, svo og ábendingum sem borist hafa embætti mínu, eru eftirfarandi tilmæli og ábendingar til dómsmálaráðherra byggðar, sbr. 3. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna.

I

Þótt ungmenni séu fundin sek um refsiverða háttsemi njóta þau engu að síður tiltekinn réttinda. Sum þeirra eru ekki einskorðuð við ungan aldur brotamanns, en önnur eru það, þar á meðal þau réttindi sem mælt er fyrir um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 3. gr. BSSP segir m.a. að það, sem börnum er fyrir bestu, skuli ávallt hafa forgang þegar gerðar eru ráðstafanir sem þau varða. Jafnframt skuldbinda aðildarríki að sáttmálanum sig til þess að tryggja börnum þá vernd og umönnun, sem velferð þeirra krefst, sbr. nú 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Í öðrum ákvæðum Barnasáttmálans er síðan sérstaklega kveðið á um réttindi barna sem gerst hafa brotleg við refsilög. Þau réttindi eiga það öll sammerkt að þeim er ætlað að tryggja velferð þessara barna. Taka þau og mið af þeirri staðreynd að þeir, sem eru ungir að árum, eru yfirleitt móttækilegri en þeir eldri fyrir hvers konar endurhæfingu, hvort sem er í formi menntunar, þjálfunar eða annars konar meðferðar. Segja má að markmið þessara ákvæða sé að hvetja aðildarríkin til þess að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að beina ungmennum af afbrotabrautinni og byggja þá upp sem nýta þjóðfélagsþegna, sbr. t.d. 37. gr. og 3. og 4. mgr. 40. gr. BSSP.

Samkvæmt b-lið 37. gr. og 4. mgr. 40. gr. BSSP skal frelsissviptingu á borð við handtöku, varðhald og fangelsun einungis beitt sem síðasta úrræði þegar börn eiga hlut að máli.

---

\* Hér á eftir nota ég jöfnum höndum þessi tvö heiti um þá sem ekki hafa náð 18 ára aldri.





Frelsisviptingin á að standa sem styst og henni ber að haga á þann hátt sem hæfir best velferð barnanna. Að auki ber að taka tillit til aðstæðna þeirra, hvers og eins, og eðli þeirra afbrota, sem þau hafa framið, þegar tekin er ákvörðun um það hvort frelsissviptingu skuli beitt og hversu lengi hún skuli vara. Þessi sjónarmið byggja á meðalhöfsreglunni svonefndu sem lögfest hefur verið með 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá eiga ungmenni, ekki síður en þeir sem eldri eru, að njóta góðs af fyrirmælum í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum um meðferð á fögum. Í 3. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland er aðili að, er t.d. mælt svo fyrir að í refsikerfinu skuli gert ráð fyrir meðferð fanga þar sem *aðalmarkmiðið skal vera betrun og félagsleg endurhæfing þeirra.*

## II

Samkvæmt framansögðu ber að mínu áliti að *beita öllum tiltækum úrræðum til þess að koma í veg fyrir að ungmenni, yngri en 18 ára, séu vistuð í fangelsum.* Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er gert ráð fyrir að ungmenni, sem brjóta af sér, séu ekki dæmd til refsivistar nema um sé að ræða mjög alvarleg eða ítrekuð brot. Samkvæmt 56. og 57. gr. laganna er heimilt að fresta því að gefa út ákæru, fresta því að ákvarða refsingu eða fresta fullnustu refsingar gegn því almenna skilyrði að sá, sem brotið hefur af sér, gerist ekki sekur um brot að nýju á tilgreindu tímabili. Með þessu móti er verið að veita honum tækifæri til að snúa af afbrotabrautinni. Þessi úrræði eru góðra gjalda verð, en það sem gert hefur þau þó áhrifaminni en efni standa til, er *að mjög skortir á að samhliða almenna skilyrðinu sé beitt þeim sérstöku skilyrðum, sem ráð er fyrir gert í 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga,* þar á meðal vistun á meðferðarstofnun, sbr. 4. tölul. þessarar málsgreinar.

Í þessu sambandi tel ég þó ástæðu til að nefna sérstaklega dóm, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 17. mars 1998, yfir nokkrum ungmendum er fundin voru sek um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga. Í dómsorði kemur fram að fullnustu refsingar er frestað með vísan til hins almenna skilorðs 57. gr. almennra hegningarlaga en jafnframt til 1. töluliðs 3. mgr þeirrar lagagreinar um að þau hlýti sérstöku umsjónarskilyrði svo og sérstöku skilyrði 3. töluliðs 3. mgr. sömu greinar um að þau neyti ekki á skilorðstímanum áfengis eða deyfilyfja.

Þegar ungmenni er dæmt til óskilorðsbundinnar refsivistar, ef til vill að undangengnum skilorðsdómi, tel ég samt sem áður mjög mikilvægt að komast í lengstu lög hjá því að það sé vistað í venjulegu afplánunarfangelsi. Sú staðreynd blasir við að þeir, sem lenda innan fangelsismúranna ungir að árum, eiga margir hverjir, því miður, ekki afturkvæmt af afbrotabrautinni. Þess vegna kemur að mínum dómi til álita að rýmka heimild til þess að láta samfélagsþjónustu koma í stað refsivistar, þegar ungmenni yngri en 18 ára eiga í hlut, frá því sem verið hefur. Slíkt kallar væntanlega á breytingu á þeim lagaákvæðum sem um þetta úrræði gilda og nú er að finna í IV. kafla laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, sbr. lög nr. 123/1997 um breyting á þeim lögum.



Í 11. gr. laga nr. 48/1988 er að finna athyglisvert ákvæði. Samkvæmt því getur fangelsismálastofnun leyft að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður í sjúkrahúsi eða á annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár enda sé slíkt m.a. talið henta vegna aldurs hans. Það, sem kemur í veg fyrir að hægt sé að beita þessu úrræði gagnvart ungmönnum með árangursríkum hætti, er **sú staðreynd að hér á landi er ekki að finna neina stofnun sem ætlað er það sérstaka hlutverk að annast meðferð og endurhæfingu ungra afbrotamanna á aldrinum 16 og 17 ára. Ég tel hins vegar afar brýnt að koma slíkri stofnun á fót sem fyrst** því að það er sannfæring mín að með því móti mætti beina að minnsta kosti sumum af þessum einstaklingum af braut afbrota og gera þá þar með að nýtum þjóðfélagsþegnum. Í því felst ekki einasta að ungu fólki sé bjargað frá glötun, heldur yrði um þjóðhagslegan ávinning að ræða, eins og ég vík nánar að í niðurlagi þessarar álitsgerðar.

### III

Á meðan ekki hefur verið komið á fót meðferðarstofnun fyrir ungmenni, sem dæmd hafa verið til óskilorðsbundinnar refsivistar, er mér ljóst að ekki verður hjá því komist að vista þau í venjulegum afplánunarfangelsum. Í þeim tilvikum þarf hins vegar að reyna að búa svo að ungum föngum að dregið verði úr neikvæðum áhrifum fangavistarinnar eftir því sem nokkur kostur er.

Í því sambandi vek ég sérstaka athygli á ákvæði því, sem er að finna í c-lið. 37. gr. BSSP, en það hljóðar svo:

*“Aðildarriki skulu gæta þess að: Farið sé manniðlega með hvert það barn sem svipt er frjálsrcæði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálsrcæði sínu aðskildu frá fullorðnum, (leturbreyting mín) nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína með bréfaskrifum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.*”

Af hálfu Íslands var enginn fyrirvari gerður við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þegar hann var fullgiltur. Hins vegar lýstu íslensk stjórnvöld því yfir að ekki væru fyrir hendi ákvæði í íslenskum lögum þess efnis að ungum föngum skyldi haldið aðskildum frá eldri föngum. Í lögum nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist væri hins vegar tekið fram að við ákvörðun um í hvaða fangelsi afplánun ætti að fara fram skyldi m.a. taka tillit til aldurs fanga. Með hliðsjón af aðstæðum hér á landi væri þess vænst að við slíka ákvörðun yrði ávallt tekið mið af hvers konar afplánun væri ungmenni fyrir bestu. Ætla má af orðalagi yfirlýsingarinnar að hér hafi verið um formlegan fyrirvara að ræða. Svo er þó ekki enda kom fram í máli fulltrúa íslenskra stjórnvalda á fundi með nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem haldinn var í Genf 16. og 17. janúar 1996, að yfirlýsingin takmarkaði á engan hátt efni c-liðar 37. gr. BSSP, heldur bæri að hafa hana til hliðsjónar við túlkun á því ákvæði þegar því væri beitt hér á landi. Í kjölfar þessa fundar mæltist nefndin til þess að íslensk stjórnvöld könnuðu möguleika á því að afturkalla yfirlýsingu þessa.



Í lokamálslið 3. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi, sem áður er vitnað til, segir svo:

*“Ófullveðja brotamenn skulu aðskildir frá fullorðnum mönnum og sæta meðferð sem hæfir aldri þeirra og réttarstöðu.”*

Þegar samningurinn var fullgiltur hér landi var af Íslands hálfu gerður fyrirvari að því er tekur til aðgreiningar ungra fanga frá öðrum fögum. Þar segir að það sé regla íslenskra laga að höfuðstefnu til að beita skuli slíkri aðgreiningu, en ekki þyki rétt að binda það með svo fyrirvaralausum hætti sem í ákvæðum samningsins segi.

Skýra verður c-lið 37. gr. BSSP með hliðsjón af 3. gr. sáttmálans þar sem segir að þegar ákvörðun er tekin, sem varðar barn, skuli fyrst og fremst hafa í huga hvað barninu er fyrir bestu. Segja má að þetta viðhorf búi að baki 8. gr. laga nr. 48/1988 þar sem svo er fyrir mælt að við ákvörðun um í hvaða fangelsi afplánun eigi að fara fram skuli m.a. taka tillit til aldurs fanga.

Ungir fangar, sem afplána refsivist, eru um þessar mundir ekki aðskildir frá eldri fögum, heldur eru þeir vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa og njóta þar enngar sérstöðu. Þannig er engri sérstakri meðferð fyrir að fara, að frumkvæði fangelsisýfirvalda, þar sem tekið er tillit til ungs aldurs þeirra, en þeir eiga kost á að leita sérfræðipjónustu á sama hátt og aðrir fangar, eins og vikið verður að hér á eftir. Ungir fangar lúta í öllu sömu agaviðurlögum og þeir eldri, þar á meðal sæta þeir einangrun samkvæmt 1. og 2. mgr. 25. gr. og 4. tölulið 26. gr. laga nr. 48/1988.

Ég tel að sá háttur, sem hafður er á vistun ungmenna í fangelsum, sé engan veginn vænlegur til þess að beina þeim af afbrotabrotinni, heldur sé hann þvert á móti fremur til þess fallinn að gera þau að hörðnuðum afbrotamönnum. Að álitinu mínu er hér um að ræða brot á áður tilvitnuðum ákvæðum í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi. ***Af þessum sökum verður þegar í stað að gera ráðstafanir til að halda afplánunarfögum, yngri en 18 ára, aðskildum frá eldri fögum, að minnsta kosti þeim fögum sem telja verður að hafi óæskileg áhrif á þá sem yngri eru og ómótaðri.***

Samkvæmt 5. tölulið 2. gr. laga nr. 48/1988, sbr. lög nr 123/1997 skal fangelsismálastofnun sjá til þess að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta og þjónusta prests. Mér þykir einsýnt að telja verði sálfræðipjónustu til sérhæfðrar þjónustu samkvæmt þessu ákvæði. Afar mikilvægt er að ungir fangar fái notið slíkrar þjónustu, ekki aðeins í bráðatilfellum, heldur að staðaldri með það að markmiði að aðstoða þá við að takast á við sára andlega vanlíðan sem óhjákvæmilega fylgir fangavist. Í heimsókn minni á Litla-Hraun kom fram að til stæði að ráða sálfræðing til starfa við fangelsið, en enn hefði ekki verið gengið frá ráðningu hans. ***Sem umboðsmaður barna mælist ég eindregið til þess að fögum, yngri en 18 ára, verði þegar í stað tryggð fullnægjandi sálfræðipjónusta, sem þeir eiga skýlausan rétt til.*** Skoðun mín er jafnframt sú að barnaverndarnefndir sveitarfélaga og/eða starfsmenn þeirra hafi og ríkum skyldum að gegna gagnvart þessum ungmennum, sem hafa villst af leið. Þeim ber að fylgjast með líðan og aðbúnaði þessara ungmenna sem eru í fangavist og ekki síður að aðstoða þau við að takast á við lífið að henni



lokinni. Ég vil hér með skora á yður, sem yfirmann fangelsismála, að eiga frumkvæði að formlegri samvinnu við barnaverndaryfirvöld vegna þessara ungmenna.

#### IV

Í framkvæmd svipar gæsluvarðhaldi um margt til refsivistar. Sá munur er þó á þessu tvennu að maður, sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald, hefur ekki hlotið dóm fyrir refsivert brot. Þar með ber að telja hann saklausan uns sekt hans hefur verið sönnuð fyrir dómi, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og b. lið 2. mgr. 40. gr. BSSÞ. Í lögum nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist er gengið út frá því sem meginreglu að hér á landi skuli vera sérstakt eða sérstök gæsluvarðhaldsfangelsi þótt í 4. mgr. 3. gr. laganna sé reyndar ráð fyrir því gert að einnig megi vista gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum ef ekki er nauðsynlegt að halda þeim í einangrun. Þótt þessi tilhögun eigi greinilega að heyra til undantekninga eru afplánunarfangelsi nú notuð jöfnum höndum sem gæsluvarðhaldsfangelsi vegna þess að ekkert slíkt fangelsi er fyrir hendi í landinu.

Í a-lið 2. mgr. 10. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálaleg réttindi segir orðrött:  
*“Menn sem ákærðir eru skulu, nema í sérstökum tilvikum, vera aðskildir frá sakfelldum mönnum og skulu sæta sérstakri meðferð sem hæfir aðstæðum þeirra sem ósakfelldum mönnum.”*

Þeirri hættu, sem því fylgir að vista unga gæsluvarðhaldsfanga með eldri föngum, er lýst hér að framan. Líklegt er að kynni af hörðnuðum afbrotamönnum við þessar aðstæður festi ungmennin fremur en ella í neti afbrota og fikniefnaneyslu. Að auki getur þeim yngri beinlínis stafað hættu af þeim eldri, svo sem að þeim sé misþyrmt eða ógnað með öðrum hætti. Alþekkt er að ýmiss konar sálrænir kvillar, svo sem þunglyndi, aukist, en það getur jafnvel leitt til sjálfsvíga eða tilrauna til þeirra eins og nýleg dæmi sanna.

Með vísun til þessa fer ég fram á að tilhögun á vistun gæsluvarðhaldsfanga verði breytt hið allra fyrsta til þess að fullnægt verði þeirri alþjóðlegu skuldbindingu, sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur, að menn, sem bornir eru sökum og ekki hafa verið dæmdir fyrir brot, séu ekki vistaðir með þeim sem afplána refsivist. ***Sérstaklega tel ég ámælisvert að ungir gæsluvarðhaldsfangar, sem ekki sæta einangrun, séu vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa innan um fanga sem sumir hverjir eiga að baki langan brotaferil. Geri ég þá sjálfsgöðu kröfu að á þessu verði ráðin bót þegar í stað.***

#### V

Ljóst er að fangelsismál hafa ekki verið vinsæll málaflokkur. Hins vegar hvílir sú skylda á stjórnvöldum að vera sívakandi og spyrja sig spurningarinnar: Erum við á réttri leið?


Ástæður þess að börn og ungmenni rata út á afbrotabrautina eru vafalaust margvíslegar,



en það kom fram í máli forstöðumanna fangelsanna, þegar ég ræddi við þá að rót vandans væri oft og tíðum hversu seint væri gripið inn í afbrotuferil þeirra. Það leiddi aftur til þess að ungmennin fengju í byrjun á tilfinninguna að háttsemi þeirra yrði að mestu látin óátalin og leiddust því út í sífellt alvarlegri afbrot. Þegar dómur væri loks kveðinn upp væri mun erfiðara að fá ungmennin til að snúa aftur á rétta braut heldur en verið hefði ef gripið hefði verið til markvissra aðgerða þegar í upphafi. Þessi vítahringur skýrist að hluta til af því að yfirvöld hafa veigrað sér við að ákæra ungmenni og það til refsivistar, enda skiljanlegt þar sem ekkert annað úrræði er til staðar en venjulegt fangelsi.

Því vil ég áréttta og leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að þegar í stað verði gripið til viðeigandi ráðstafana til að koma ungum afbrotamönnum til bjargar frá þeirri algjörf glötun, sem ella blasir við þeim, og bjóða þeim þess í stað úrræði, sem haft geta í för með sér raunverulega betrun þeirra og samfélagslega endurhæfingu í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Sem betur fer er hér ekki um að ræða marga einstaklinga, en hjá lítilli þjóð eins og okkur Íslendingum, skiptir hver einstaklingur miklu máli, jafnt frá sjónarmiði mannúðar og þjóðarhags. Refsivist er dýr kostur fyrir þjóðfélagið. Í grein dr. Helga Gunnlaugssonar um afbrot, refsingar og afstöðu Íslendinga, sem nýlega birtist í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 48. árgangs, kemur einmitt fram að *fangavist eins fanga á Íslandi kostar skattborgarana um þrjár milljónir króna á ári sem er hærri upphæð en full skólagjöld með upphaldi við Harvardháskóla*. Það hefur því mikinn sparnað í för með sér og eykur um leið þjóðartekjur ef unnt er að beina þótt ekki væri nema nokkrum ungmennum af afbrotabrautinni og gera þau að nýtum þegnum í samfélaginu.

Reykjavík, 9. júlí 1998

  
Þórhildur LINDAL



Alþingi  
Erindi nr. þ 131/1301

komudagur 14.4.2005  
Ungmennafélag Íslands

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík  
sími +354 568 2929 • fax +354 568 2935  
umfi@umfi.is • www.umfi.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 11. apríl 2005

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 – 24 ára, 73. mál.**

Á 61. framkvæmdastjórnarfundum Ungmennafélags Íslands var tekið fyrir erindi frá nefndasviði Alþingis, tillögu til þingsályktunar um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 – 24 ára, 73. mál.

Framkvæmdastjórn UMFÍ hefur ekki neinar sérstakar athugasemdir fram að færa vegna þessarar tillögu.

Virðingarfyllst,

  
Sæmundur Runólfsson  
framkvæmdastjóri UMFÍ



BLÍTT ÁFRAM!

